

Lagt fyrir 411. fund velferðarráðs 20. október 2021

VEL2021100013

RÁ/bm

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Yfirlit um húsnæðismál eldra fólks í Reykjavík*


Mannfjöldapróun

Samkvæmt miðspá mannfjöldaspár Hagstofu Íslands verða íbúar landsins 461 þúsund árið 2069, bæði vegna fólksflutninga og vegna náttúrulegrar fjölgunar. Til samanburðar var mannfjöldinn um 368 þúsund í árslok 2020. Meðalævilengd karla og kvenna (við fæðingu) fer hækkandi. Í lok árs 2020 voru konur 84,1 ára en verða 88,7 ára árið 2069. Karlar voru 80 ára en verða 84,4 ára árið 2069.

Til að gera mannfjöldaspá fyrir Reykjavík var stuðst við spá frá Íbúðalánasjóði sem gerð var niður á einstaka sveitarfélög, en hún er byggð á spá Hagstofunnar. Í mannfjöldaspánni er gert ráð fyrir að hlutfall einstaklinga sem eru eldri en 67 ára muni fara úr 12% árið 2020 upp í 21% árið 2050. Hlutfallslega mun þeim sem eru eldri en 80 ára fjölga meira en þeim sem eru 67-79 ára. Að jafnaði mun fjölga í hópi 67 ára og eldri um tæplega 4% á ári til ársins 2030 og um 3% til ársins 2040.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun á hlutfalli aldurshópsins 67 ára og eldri í Reykjavík á árunum 2016 til 2050:

Þróun íbúa eldri en 67 ára í Reykjavík



Eins og sjá má á súluritinu fer eldra fólki í Reykjavík fjölgandi, bæði hlutfall 67 ára og eldri og hlutfall þeirra sem eru 80 ára og eldri.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, félagsmálaráðuneytið og Landssamband eldri borgara felur Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera könnun á nokkurra ára fresti til að fylgjast með þróun á högum og líðan aldraðra. Síðasta könnun fór fram frá nóvember 2020 til janúar 2021. Þegar búsetuhagir hjá reykvískum þátttakendum í könnuninni voru skoðaðir kom fram að langflestir þeirra bjuggu í eigin húsnæði eða 87%. Sex prósent bjuggu í leiguhúsnæði, þrjú prósent voru á hjúkrunarheimili, tvö prósent í þjónustuíbúð á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, eitt prósent bjó hjá börnum og eitt prósent annars staðar. Þegar skoðað var nánar hvar þeir sem bjuggu í leiguhúsnæði leigðu íbúðir sínar kom í ljós að flestir eða 35% leigðu á almennum markaði, 29% í leiguíbúð á vegum félagsamtaka, 18% í félagslegu húsnæði og 18% í annars konar leiguíbúð.

Stefna Reykjavíkurborgar og uppbygging húsnæðis fyrir eldra fólk

Stefna Reykjavíkurborgar er að allir borgarþátttakendur hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem fólk þarfnast stuðnings með sín húsnæðismál eða ekki. Húsnæðisstefna Reykjavíkurborgar nær þannig utan um húsnæðisþarfir allra borgarþátttakenda, óháð eignarformi, stærð og gæðum húsnæðis. Það er stefna borgarinnar að borgarþátttakendur þ.m.t. eldra fólk þurfi að geta eignast og/eða leigt húsnæði eftir þörfum hverju sinni og að fjölbreytt framboð þurfi að vera í boði í hverju hverfi.

Þróun í húsnæðismálum eldra fólks

Á grundvelli húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar hefur á undanförunum árum verið unnið með samtökum og stofnunum, sem vilja byggja íbúðir fyrir eldra fólk. Í uppfærðri húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar sem lögð var fram í borgarráði þann 29. október 2020 kemur fram að Reykjavíkurborg vinnur að auknum og bættum búsetuáætlunum fyrir eldra fólk. Áætlun um að byggja um 450 íbúðir miðar vel, í samstarfi við Hrafnistu, Grund, Sóltún, Samtök aldraðra og Leigufélag aldraðra/Félag eldri borgara. Byggingu 246 íbúða fyrir eldri borgara er lokið, þ. á. m. byggingu 60 íbúða á Sléttuvegi 27. Þá eru 120 íbúðir á framkvæmdastigi og samþykkt

deiliskipulag er fyrir byggingu 162 íbúða eldra fólks. Á stefnuskrá er að fjölga þjónustuíbúðum fyrir eldra fólk í Seljahlíð um 20 íbúðir. Alls hefur orðið aukning sem nemur 248 nýjum íbúðum á árunum 2019 til 2021. Hlutverk Reykjavíkurborgar er með tvennum hætti, að gera ráð fyrir lóðum fyrir almennar íbúðir og einnig að veita stofnframlög á móti ríkinu til þeirra aðila sem óska eftir slíku en þá er um að ræða íbúðir til tekjulægri hópa aldraðra.

Staða húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar

Staðsetning	Fjöldi	Framkvæmdaraðili	Staða verkefnisins
Sóltún 1-3- Mánatún	44	Hjúkrunarheimilið Sóltún	Lokið
Árskógar 1-3	68	Félag eldri borgara	Lokið
Mörkin	74	Grund	Lokið
Sléttuvegur 25-27	99 rými	Sjómannadagsráð/Hrafnista	Lokið
Sléttuvegur 25-27	60	Sjómannadagsráð	Lokið
Hraunbær 103	60	Dverghamar	Lokið
Austurhlíð 10	60	Samtök aldraða	Lokið
Sléttuvegur 25-27	81	Sjómannadagsráð	Samþykkt deiliskipulag
Sjómannaskólareitur	51	Leigufélag aldraða	Samþykkt deiliskipulag
Seljahlíð	20	Hjúkrunarheimilið Seljahlíð	Í undirbúningi

Reykjavíkurborg hefur einnig beitt sér fyrir byggingu hjúkrunarheimila og fjölgun hjúkrunarrýma í borginni en hvort tveggja er háð framlögum og samþykki ríkisins. Reykjavíkurborg gerði samning við ríkið um byggingu nýs hjúkrunarheimilis með 99 rýmum sem opnað var við Sléttuveg 25 þann 28. febrúar 2020. Hjúkrunarheimilið er rekið af Hrafnistu. Á árinu 2020 var stefnt að því að fyrir lægi samkomulag og samningar um byggingu tveggja hjúkrunarheimila með allt að 300 hjúkrunarrýmum, sem áætlað var að byggja á árunum 2022-2025. Þann 25. maí 2021 undirrituðu heilbrigðisráðherra og borgarstjóri samning um byggingu hjúkrunarheimilis við Mosaveg í Grafarvogi fyrir allt að 144 íbúa. Samhliða staðfestu ráðherra og borgarstjóri sameiginlega viljayfirlýsingu um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir allt að 200 íbúa á svæði við Ártúnshöfða. Unnið er að skipulagningu svæðisins og er stefnt að því að hægt verði að hefja verklegar framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili í Grafarvogi árið 2023.

Félagslegt húsnæði fyrir eldra fólk í Reykjavík

Um 658 manns sem eru 67 ára og eldri búa í félagslegu húsnæði í eigu Félagsbústaða sem úthlutað er í frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Eins og sjá má í neðangreindri töflu búa flestir í sérstökum þjónustuíbúðum fyrir eldra fólk eða samtals 325 einstaklingar, 312 manns búa í almennu félagslegu leiguhúsnæði, 17 einstaklingar í húsnæði fyrir fatlað fólk og fjórir í húsnæði fyrir heimilislausu.

Fjöldi 67 ára og eldri sem búa í félagslegu húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar

Aldur	67-79 ára			80 ára og eldri		
Tegund húsnæðis	Karl	Kona	Samtals	Karl	Kona	Samtals
Almenn íbúð	116	131	247	27	38	65
Húsnæði fyrir fatlað fólk	14	2	16	1	0	1
Húsnæði fyrir heimilislausa	4		4			
Þjónustuíbúð	70	62	132	71	122	193
Samtals	204	195	399	99	160	259

Íbúðir fyrir eldra fólk í Reykjavík

Íbúðir fyrir eldra fólk bjóðast víða á frjálsum markaði. Oft eru þær byggðar í nágrenni við hjúkrunarheimili eða félags- og þjónustumiðstöðvar eldra fólks. Aðstaða í þessum íbúðum og þjónusta sem stendur íbúum til boða getur verið mismunandi.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skilgreinir íbúðir fyrir eldri borgara, út frá aðgengi og umfangi þeirrar þjónustu sem íbúum stendur til boða og er íbúðunum skipt í þrjá flokka eftir þjónustustigi:

1. Íbúðir fyrir eldra fólk.
2. Þjónustuíbúðir fyrir eldra fólk þar sem innangengt er í félagsmiðstöð.
3. Þjónustuíbúðir fyrir eldra fólk þar sem innangengt er í félagsmiðstöð og heimaþjónusta er veitt á staðnum.

Íbúðir fyrir eldra fólk eru í fjölbýlishúsum sem einkaaðilar eða félagssamtök hafa byggt. Íbúðirnar eru oftast í einkaeign eða til útleigu. Við byggingu og frágang íbúða hefur verið gætt að aðgengis- og öryggismálum, s.s. með lyftum, handriðum, breiðum göngum og öryggisdúkum á gólfum. Íbúum stendur til boða heimaþjónusta og heimahjúkrun sem veitt er frá heimaþjónustu í hverfi samkvæmt einstaklingsbundnu mati. Þjónustan er veitt með sama hætti og til annara íbúa Reykjavíkur.

Þjónustuíbúðir

Samkvæmt 13. grein laga nr. 1999/25 um málefni aldraðra, telst til öldrunarþjónustu sveitarfélaga að sjá til þess að til staðar séu þjónustuíbúðir aldraða. Þetta geta verið sjálfseignar, leigu- og búseturéttaríbúðir. Jafnframt segir að áður en bygging þjónustuíbúða fyrir aldraða hefst beri að afla framkvæmdaleyfis hjá ráðherra og gildir það jafnt um framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og á frjálsum markaði. Jafnframt skal skýra ráðuneytinu frá því hver muni bera

ábyrgð á rekstri sameignar og sameiginlegrar þjónustu í húsnæðinu. Einnig segir í 16. grein að íbúðir skuli uppfylla vissar kröfur um aðbúnað og þjónustu en þar á að vera öryggiskerfi, aðgangur að félagsstarfi og möguleiki á fæði, þvotti og þrifum. Íbúar í þjónustuíbúðum greiða sjálfir fyrir þá þjónustu sem þeir kjósa að nýta sér í samræmi við gjaldskrá. Íbúðir í þjónustuíbúðum eru ætlaðar öldruðum sem geta búið sjálfstætt og eiga þeir sama rétt og aðrir á heimahjúkrun og félagslegri heimaþjónustu.

Samkvæmt lögum geta því bæði sveitarfélög og einkaaðilar farið í slíkar framkvæmdir og borið ábyrgð á rekstri sameignar og sameiginlegrar þjónustu í húsnæðinu. Munurinn á þjónustuíbúðum sem Reykjavíkurborg rekur og íbúðum í rekstri annara aðila er sá að þær fyrrnefndu eru skilgreindar sem félagslegt húsnæði og er leiguverð því lægra. Sem dæmi má nefna að þann 1. september 2021 var húsaleiga í einstaklingsíbúð 30,3 fermetra að stærð kr. 74.076 á mánuði, einstaklingsíbúð 34,6 fermetra að stærð, kr. 89.133, einstaklingsíbúð 36,5 fermetra að stærð kr. 91.331, tveggja herbergja íbúð, 50,9 fermetra að stærð kr. 128.197 á mánuði.

Þjónustuíbúðir í 2. flokki eru almennar íbúðir fyrir eldra fólk, í fjölbýlishúsum sem einkaaðilar eða félagsamtök hafa byggt. Íbúðirnar eru oftast í einkaeign eða til útleigu. Við byggingu og frágang hefur verið gætt að aðgengis- og öryggismálum. Innangengt er í félags- og þjónustumiðstöð þar sem aðstaða er fyrir íbúa til að sinna félagsstarfi. Sameiginlegur matur er í boði í hádeginu. Heimaþjónusta og heimahjúkrun er veitt frá heimaþjónustu í hverfi samkvæmt einstaklingsbundnu mati, með sama hætti og til annara íbúa Reykjavíkur. Í þessum flokki eru t.d. íbúðir Félags eldri borgara sem staðsettar eru í Árskógum, Hólabergi og Hraunbæ og íbúðir Samtaka aldraðra sem eru á Aflagranda, Bólstaðarhlíð, Dalbraut og Sléttuvegi. Einnig fjölbýlishús í Hvassaleiti, Hæðargarði og Hraunbæ 103, auk íbúða í Mörk. Bygging þessara þjónustuíbúða á frjálsum markaði fyrir aldraða krefst þess að áður hafi verið aflað framkvæmdaleyfis hjá ráðherra og skýrt hafi verið frá því hver muni bera ábyrgð á rekstri sameignar og sameiginlegrar þjónustu í húsnæðinu.

Þjónustuíbúðir í 3. flokki eru þjónustuíbúðir sem Reykjavíkurborg á og rekur. Þær uppfylla sömu skilyrði og í 2. flokki nema að auki er heimaþjónusta og jafnvel heimahjúkrun veitt af starfsfólki sem hefur starfsstöð í húsinu auk þess sem veitt er sólarhringsþjónusta/vaktþjónusta. Sameiginlegur matur er í boði í öll mál. Íbúðir í þessum flokki eru allar þjónustuíbúðir í eigu Félagsbústaða sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar úthlutar í. Einnig íbúðir í Eirarhúsi og Eirborgum. Þar sér Eir um heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu við íbúa í umboði velferðarsviðs og þar er vakthafandi starfsmaður á næturnar.

Yfirlit yfir húsnæði fyrir eldra fólk í Reykjavík

Í Reykjavík eru samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja í opinberum gögnum 1. október 2021 alls 2.580 íbúðir skilgreindar fyrir eldra fólk. Um að ræða almennar íbúðir, félagslegar leiguíbúðir á vegum Reykjavíkurborgar, íbúðir í einkaeign, og/eða í húsnæði sem félagsamtök hafa byggt. Á íbúðunum er ákvæði um að kaupendur og/eða leigjendur séu ýmist 50 ára og eldri, 55 ára og eldri, 60 ára og eldri eða 65 ára og eldri. Hjá Félagi eldri borgara og Samtökum aldraða er einnig skilyrði að fólk sé í félaginu eða meðlimir í samtökunum. Skilyrði fyrir

félagslegum leiguíbúðum eru tilgreind í V. kafla í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnaði (sjá fylgiskjal).

Hér að neðan er yfirlit yfir eigendur og staðsetningu íbúða fyrir eldra fólk í Reykjavík, fjölda íbúða í hverju húsi, skiptingu í þá flokka sem íbúðirnar tilheyra hvað varðar aðgengi og umfang þjónustu. Íbúðir sem skilgreindar eru í 2.flokki eru stjórnumerktar*.

Íbúðir í 1. og 2. flokki

Félagsbústaðir – félagslegt leiguhúsnaði

Aðalstræti	16 íbúðir
Árskógar *	1 íbúð
Ellidabraut	9 íbúðir
Hraunbær *	7 íbúðir
Bláhömrum	1 íbúð
Hólaberg	12 íbúðir
Prestastígur	5 íbúðir
Hraunbær	6 íbúðir
Skúlagata	2 íbúðir
Skógarvegur	7 íbúðir
Sóleyjarrimi	3 íbúðir
Vesturgata	9 íbúðir
Þórðarsveigur	39 íbúðir
Alls	117 íbúðir

Félag eldri borgara

Grandavegur 47	72 íbúðir
Hraunbær 103*	47 íbúðir
Árskógar 1-3*	68 íbúðir
Árskógar 6 og 8	101 íbúðir
Skúlagata 20	76 íbúðir
Skúlagata 40, 40a og b	64 íbúðir
Hólaberg 84*	37 íbúðir
Alls	465 íbúðir

Húsnæði Samtaka aldraðra

Austurhlíð 10	60 íbúðir
Aflagrandi 40*	61 íbúðir
Bólstaðarhlíð 41 - 45*	66 íbúðir
Dalbraut 14	27 íbúðir
Dalbraut 16	23 íbúðir
Dalbraut 18 -20*	47 íbúðir
Sléttuvegur 11 -13*	52 íbúðir
Sléttuvegur 19- 21- 23	70 íbúðir
Sléttuvegur 29-31	57 íbúðir
Alls	463 íbúðir

Búmenn

Ferjuvað 7-11	27 íbúðir
Prestastígur, 2-11	80 íbúðir
Grænlandsleið 22-53	50 íbúðir
Hólmvað 6-8	22 íbúðir
Alls	179 íbúðir

Ýmsir aðilar

Efstaleiti 10-14	Breiðablik	35 íbúðir
Hvassaleiti 56-58*	VR	120 íbúðir
Hæðargarður 29	Réttarholtssamtök	9 íbúðir
Hæðargarður 33-35*	Réttarholtssamtök	61 íbúðir
Kleppsvegur 62	Húsvirki	39 íbúðir
Miðleiti 5-7	Gimli	39 íbúðir
Sléttuvegur 15-17	Sólvogur	50 íbúðir
Sóleyjarimi 19-23	Mótás	45 íbúðir
Sóleyjarimi 5-9		65 íbúðir
Snorrabraut 56b		24 íbúðir
Þorragata 5-9	Skildinganes	38 íbúðir
Hraunbær 103a,b,c	Dverghamrar	60 íbúðir
Alls		585 íbúðir

Upplýsingar fengnar af netmiðlum með fyrirvara um að fjöldatölur séu réttar.

Íbúðir í 2. flokki

Naustavör Sjómannadagsráð

Brúnavegur 9*	24 íbúðir
Jökulgrunn 2, 4 og 6 *	18 íbúðir
Sléttuvegur 27*	60 íbúðir
Alls	102 íbúðir

Íbúðir á vegum Mörk 60+

Suðurlandsbraut 58-62*	78 íbúðir
Suðurlandsbraut 68-70*	74 íbúðir
Alls	152 íbúðir

Íbúðir í 3. flokki

Þjónustuíbúðir velferðarsviðs

Dalbraut 21-27	58 íbúðir
Furugerði 1	76 íbúðir
Langahlíð 3	33 íbúðir
Lindargata 57-66	94 íbúðir
Norðurbrún 1	59 íbúðir
Seljahlíð v/ Hjallasel	49 íbúðir
Alls	369 íbúðir

Íbúðir á vegum Eirar

Hlíðarhús 3-5	37 íbúðir
Fróðengi 1-11	111 íbúðir ¹
Alls	148 íbúðir

Þjónustuíbúðir velferðarsviðs

¹ Af 111 íbúðum í Eirborgum hafa Félagsbústaðir á undanförunum árum séð um viðhald á 21 íbúð og velferðarsvið úthlutað í þær eins og í aðrar þjónustuíbúðir á vegum Reykjavíkurborgar. Samkvæmt nýlegum samningi mun velferðarsvið hætta að úthluta þeim og Eir tekur yfir umsjón með þeim þegar þær losna.

Reykjavíkurborg rekur 379 þjónustuíbúðir. Um er að ræða bæði einstaklingsíbúðir og tveggja herbergja íbúðir. Í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnaði sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 2. maí 2019 er með þjónustuíbúð aldraðra átt við félagslegt leiguhúsnaði sem sérstaklega er ætlað öldruðum, sbr. 4. tl. 13. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra. Skilyrði fyrir umsókn um þjónustuíbúð er að umsækjandi skal vera 67 ára eða eldri og eiga lögheimili í Reykjavík þegar sótt er um og skal metinn í þörf fyrir þjónustu og stuðning sem ekki er unnt að veita í núverandi húsnaði umsækjanda. Umsóknir eru metnar samkvæmt ákveðnum matsviðmiðum sem eru í fylgigagni með reglunum. Við lok mats eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig. Til þess að umsókn verði samþykkt á biðlista skal umsækjandi vera samtals metinn til að lágmarki 4 stiga, sbr. A og B lið í matsviðmiði.

Auk húsaleigu er innheimt þjónustugjald í þjónustuíbúðum, sbr. 20. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Fjöldi íbúa í þjónustuíbúðum og aldurssamsetning 01.09.2021

Staðsetning	Aldur					Samtals	Meðalaldur
	Yngri en 67 ára	67-79 ára	80-89 ára	90 ára og eldri			
Dalbraut 21-27	3	13	25	11	52	83	
Furugerði 1	4	29	30	13	76	81	
Fróðengi 1-11 ²	1	11	7	2	21	78	
Langahlíð 3	2	9	14	6	31	81	
Lindargata 57-66	2	26	28	13	69	82	
Norðurbrún 1	8	24	15	10	57	59	
Seljahlíð	4	20	12	8	44	79	
Samtals	24	132	131	63	350	81	

Fjöldi eldra fólks á biðlistum eftir félagslegu húsnaði

Meðalaldur þeirra sem er á biðlistum eftir þjónustuíbúðum velferðarsviðs er 81 ár og flestir eru á aldrinum 67- 89 ára. Einnig er nokkuð um að yngra fólk en 67 ára sækir um þjónustuíbúð og fái undanþágu frá aldursskilyrðum vegna félagslegs vanda sem gerir þeim erfitt fyrir á almennum húsnaðismarkaði. Þann 1. september 2021 var heildarfjöldi þeirra alls 24 einstaklingar.


² Íbúðir í eigu Eirar sem Félagsbústaðir sjá um og velferðarsvið úthlutaði í.

Fjöldi 67 ára og eldri á biðlista eftir félagslegu húsnæði 01.09.2021

Aldur	67-79 ára			80 ára og eldri		
	Karl	Kona	Samtals	Karl	Kona	Samtals
Tegund húsnæðis						
Almenn íbúð	4	7	11	0	0	0
Húsnæði fyrir fatlað fólk	1	0	1		0	0
Húsnæði fyrir heimilislauða	2	0	2	0	0	0
Þjónustuíbúð	23	29	52	24	43	67
Samtals	30	36	66	24	43	67

Á neðangreindu línuriti má sjá að fækkun hefur orðið á biðlista eftir þjónustuíbúð á vegum velferðarsviðs á tímabilinu 2001 til 2021. Flestir voru á biðlista í lok ársins 2008 eða 413 einstaklingar. Í mars 2008 var reglum um þjónustuíbúðir breytt og sett inn skilyrði varðandi eignaviðmið. Umsækjendur gátu þá ekki átt meiri eignir en því sem svaraði verðgildi 2ja herbergja íbúðar. Eignaviðmiðið gildi ekki fyrir þá sem höfðu verið samþykktir á biðlista fyrir gildistíma reglnanna og komu áhrifin ekki í ljós fyrr en uppúr 2010 þegar draga fór úr fjölda á biðlistanum. Svo virðist sem eignaviðmiðið hafi dregið úr fjölda þeirra sem áður uppfylltu skilyrði fyrir að geta sótt um þjónustuíbúð. Í núverandi reglum sem samþykktar voru á fundi borgarráðs þann 2. maí 2019 var þessu ákvæði breytt og nú á mat á líkamlegu og andlegu heilsufari að skipta meira máli en húsnæðisvandi. Einnig má ætla að með aukinni heimaþjónustu hafi þörfin fyrir þjónustuíbúð minnkað og sömuleiðis má ætla að íbúðirnar séu margar hverjar orðnar barns síns tíma og þyki of litlar.

Þróun biðlista eftir þjónustuíbúðum velferðarsviðs frá lok árs 2001 til lok árs 2020



Fylgiskjal: Reglur Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði samþykktar á fundi borgarráðs þann 2.maí 2019